

Ágætu Vorþingkonur!

Ég var önnur tveggja kosningastýra í Reykjavík og eru þessir punktar unnir út frá þeirri reynslu. Áður en við kosningastýrur komum til starfa 2 mán. fyrir kosningar var búið að stilla upp á lista og get ég því ekki tjáð mig um það. Við tókum við tómunum kofanum,

- ekki búið að vinna stefnuskrá
- ekki búið að ákveða helstu baráttuna
- ekki búið að ákveða hvað ætti að gefa út
- ekki búið að ákveða fjármagn sem mætti eyða í baráttuna eða annað sem þarf að liggja fyrir.

Líklega var búið að skipa kosninganefnd en hún lét ekki sjá sig, og að beiðni okkar stýranna var önnur skipuð á fundi 3-4 vikum fyrir kosningar, en sú var nær því jafnósýnileg og sú fyrri. - Blessuð sé minning þeirra beggja.

Ég vona að enginn skilji orð mín svo að við stýrurnar höfum verið einar. Nei, alls staðar eru yndislegar konur, sem t.d. komu með stefnuskrána fjölrítaða nær viku fyrir kosningar. Sú stefnuskrá var reyndar aldrei borin upp og samþykkt - en það er nú ekki svo "nojið" í svona grasrót eða hvað? Þegar vinna hófst við bækling sem var dreift inn á hvert af hinum tæplega 48 þúsund heimilum borgarinnar lentu þær sem þar unnu textann í dálitlum vandræðum þar sem ekki var til ný stefnuskrá, - en það reddaðist eins og allt annað.

Þannig var öll þessi kosningabarátta hér í Reykjavík - reddingar fyrir horn á síðustu stundu. Má nefna að bréf til yngstu kjósendanna - þeirra sem kusu í fyrsta skipti, var tilbúið á mánudegi fyrir kjördag. Dreifibréf til eldri borgaranna á öldrunarheimilunum var að renna í gegnum ljósritunarvélinu um það leyti sem við áttum að vera mættar til þeirra á fyrsta fundinn, og þar fram eftir götunum.

En okkur hér í Reykjavík tókst samt að gera neðantalið:

- \* Útbúa einblöðung sem fór inn á hvet heimili í Reykjavík,
- \* semja þrjú mismunandi dreifirit með slaufum á, sem dreift var í stórmörkuðum, á götum úti og vinnustöðum,
- \* fórum á nokkra mismunandi vel heppnaða vinnustaðafundi,
- \* heimsóttum öll öldrunarheimili í borginni,
- \* fórum á fundi sérfélaga svo sem Heyrnleysingja, Verslunarmannafélagið o.fl.
- \* tókum þátt í útvarps- og sjónvarpsmæðum,
- \* héldum kynningarfund í Hlaðvarpanum,
- \* héldum fjölskylduhátíð í Iðnó með mjög góðum atriðum bæði til skemmtunar og fróðleiks,
- \* skrifaðar voru nokkrar greinar í blöðin,
- \* fórum í Kolaportið í þrígang að selja vörur.

Kosningabaráttan kostaði ca 1,9 - 2 milljónir, sem þykir líklega mjög lítið miðað við þær 9 milljónir sem Nýtt vettvangur eyddi. Við skuldu 460-500 þúsund núna.

Við sluppum með skrekkinn, þó tvísýnt væri lengi á kosninganótt tókst okkur að halda okkar konu inni í borgarstjórn.

Ég hætti hér með þessari neikvæðni og sný mér að tillögu til úrbóta svona fyrir framtíðina.

1. Kosningar koma sjaldnast á óvart. Því ætti að vera hægt að fara af stað með allan undirbúninginn t.d. 1/2 ári fyrir kosningar.
2. Auglýsa þarf starf/störf kosningastýra með þeim fyrirvara að konur með áhuga á starfinu geti gert ráðstafanir til að losna úr vinnu, ganga frá barnapössunarmálum og slíku. Nauðsynlegt er að eldri kosningastýra sé í hlutastarfi með t.d. 25% - þannig að reynsla skili sér áfram.
3. Stefnuskrá samþykkt þarf að liggja frammi nokkrum mánuðum fyrir kosningar - þar sem áherslupunktur okkar eru ákveðnir. Þetta plagg er það sem öll önnur vinna byggist á, t.d. bæklingar og dreifirit og ekki síst hverju við svörum þegar bæði innan hreyfingar og aðrir vilja fá okkar línu.
4. Kosninganefnd/framkvæmdanefnd með a.m.k. 5 konum verður að vera virk og byrja að vinna áður en kosningastýrur koma til starfa. Hennar er að vinna að gerð fjárhagsáætlunar þar sem ákveðið er t.d. hversu miklu á að eyða í útvarps- og blaðaauglýsingar, dreifibréf, veggspjöld.
5. Þeim konum sem taka sæti á listanum verður að gera grein fyrir þeirri ábyrgð sem í því felst og þeirri vinnu sem þær eru að taka á sínar herðar, bæði í kosningabaráttunni og eins næstu fjögur árin. Æskilegt að efstu 5-10 konur á lista gerðu ráðstafanir þannig að þær hefðu góðan tíma í kosningabaráttuna síðustu 2-3 vikurnar, tækju t.d. hluta af sínu sumarfríi.
6. Húsnæði fyrir kosningaskrifstofu verður að vera á jarðhæð við fjölfarna götu og a.m.k. tvö aðskilin herbergi.

Að lokum:

Við getum ekki leyft okkur að hugsa sem svo að við séum í kosningabaráttu 1-2 mánuði fyrir kosningar, heldur að við séum alltaf í kosningabaráttu. Því verðum við að láta meira í okkur heyra hér í Reykjavík. Tillaga að gefið sé út blað í dagblaðsformi einu sinni á ári, þar sem við gerum grein fyrir því hverju við höfum verið að reyna að koma til leiðar innan borgarkerfisins. Við verðum að horfast í augu við það að við eigum ekkert mál gagn (Vera er því miður bara lesin af þeim sem þegar hafa tekið við fagnaðarerindinu). Í blaðinu þarf að vera hitt og þetta fræðandi og skemmtilegt, ég bendi á blöðin sem Kvennaframboðið gaf út í upphafi sem fyrirmynd. Hægt er að fjármagna þetta að stórum hluta með opinberum auglýsingum.

Þessi romsa er ekki bara frá mér, heldur sameiginleg skoðun okkar Sigríðar Stefáns, hins helmingsins af kosningastýrunum.

Guðrún Erla Geirsdóttir